

NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

Umhverfisráðuneytið
Ingimar Sigurðsson
Skuggasund 1
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 25. júlí 2005
2005040002/42-5
JGO/rsb

Vísað er til bréfs ráðuneytisins, dags. 26. apríl sl. þar sem óskað er eftir tillögum Náttúrufræðistofnunar Íslands um takmarkanir á veiðum anda á lindasvæðum á veiðitíma. Einnig er vísað til minnisblaðs stofnunarinnar, dags. 4. apríl sl. um svæðisbundna skotfriðun með tilliti til sjaldgæfra anda.

Náttúrufræðistofnun leggur hér með til að vetrarveiðar á fuglum (1. nóvember til 31. mars) verði bannaðar á eftirfarandi votlendis- og lindasvæðum á grundvelli 53. gr. laga um náttúruvernd (nr. 44/1999). Tillögur um mörk svæða og svæðislýsingar er að finna í meðfylgjandi skýrslu stofnunarinnar “Verndun tegunda og svæða. Tillögur Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna Náttúruverndaráætlunar 2002” (Ólafur Einarsson ofl., Reykjavík, nóvember 2002). Svæðin eru:

- Kelduhverfi-Öxarfjörður
- Landbrot-Meðalland
- Sog
- Apavatn-Laugarvatn
- Brúará
- Ölfusforir við Ölfusá

Lagt er til að mörk svæðisins við Ölfusá verði með líkum hætti og gert var ráð fyrir við undirbúning friðunar Ölfusfora sem unnið var að árið 1993 á vegum Náttúruverndarráðsins gamla.

Virðingarfyllst

Jón Gunnar Ottósson
forstjóri